



Skráning jarðfræðisafns Steins Emilssonar jarðfræðings

Áfangaskýrsla


Gunnar Sigurðsson
og
Þorleifur Eiríksson

Styrkt af Safnasjóði

Náttúrustofa Vestfjarða
NV nr. 15-07

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
AÐFARAORÐ	3
INNGANGUR	3
AÐFERÐIR	4
NIÐURSTÖÐUR	6
UMRÆÐUR	6
ÞAKKIR	7
HEIMILDIR	7



Mynd 1. Hluti síðu úr dagbók frá árinu 1927. Steinn er þarna við rannsóknir í Eyjafirði.

Aðfaraorð

Árið 2007 styrkti Safnasjóður Náttúrugripasafn Bolungarvíkur / Náttúrustofu Vestfjarða til þess að skrá steina – og jarðfræðisafn Steins Emilssonar, sem er þar varðveitt.

Inngangur

Í Náttúrugripasafni Bolungarvíkur skipa gripir úr fórum Steins Emilssonar veglegan sess og safnið er tileinkað honum.

Hluti jarðfræðisafns Steins Emilssonar var varðveittur í Bolungarvík. Mörg sýni úr safni Steins voru til sýnis í Grunnskóla Bolungavíkur, einnig var eitthvað í geymslu hjá Bolungavíkurkaupstað. Einnig voru nokkrir gripir í Menntaskólanum á Ísafirði.

Þessir hlutir eru nú í vörslu Náttúrugripasafns/Náttúrustofu og uppistaðan í steinasýningu safnsins. Í dag eru þar rúmlega 60 jarðfræði- og steinasýni til sýnis.

Skömmu eftir opnun Náttúrugripasafns Bolungavíkur, árið 1998, afhentu börn Steins Emilssonar steina- og jarðfræðisafn hans Náttúrugripasafni/Náttúrustofu til varðveislu. Safnið er mikið að vöxtum, kom í 44 kössum og ílátum af ýmsum stærðum og gerðum (mynd 2). Einnig fékk Náttúrugripasafnið til varðveislu fjölmargar bækur og rit úr eigu Steins.

Steinasafnið er að mestu í upprunalegum kössum og hafa einstakir gripir (steina- eða jarðvegssýni) ekki verið skráðir nema að litlu leyti. Bækur og skjöl hafa einnig lítt verið könnuð, og ekki skráð.

Stór hluti sýnanna hefur ekki verið fullgreindur og þarf til að koma aðstoð jarð- eða steinafræðings.



Mynd 2. Dunkur undan Dixan þvottaefni. Sýnum pakkað í mjólkurpoka og kassa undan C- vítamíni.

Steinn Emilsson jarðfræðingur

Steinn Emilsson jarðfræðingur fæddist árið 1893 á Kvíabekk í Ólafsfirði. Hann lauk gagnfræðaprófi frá Gagnfræðaskóla Akureyrar árið 1915, innritaðist í Menntaskólann í Reykjavík þá um haustið, en hélt fljótlega til Noregs. Þar vann hann m.a. við silfurnámurnar í Kongsbergi, og lauk síðan stúdentsprófi í Ósló árið 1919.

Ungur hóf hann söfnun steina- og jarðfræðisýna, sinnti einnig grasafraeði og jurtagreiningu, og stundaði orðasöfnun, líkt og ýmsir aðrir eldhugar þess tíma.

Hann hóf nám í jarðfræði við háskólann í Ósló, en hélt svo til Jena í Þýskalandi þar sem hann hélt áfram háskólanámi árin 1920-1923. Árið 1921 fékk hann styrk frá Alþingi til að læra að kljúfa og flokka silfurberg, og lærði hann það við hinar virtu Zeiss sjóntækjaverksmiðjur í Jena.

Veturinn 1923-24 er hann við kennslu í Vestmannaeyjum, en heldur síðan aftur til Þýskalands þar sem hann hélt áfram námi, jafnframt því að kenna íslensku við háskólann í Hamborg.

1928 kemur hann til Bolungavíkur, þar sem hann hóf kennslu við unglingaskólann. Árið 1947 voru barna- og unglingaskólarnir í Bolungavík sameinaðir, og tók Steinn við skólastjórninni sem hann gegndi til ársins 1953. Hann stundaði kennslu, bæði í Bolungavík og á Ísafirði fram á áttunda áratuginn.

Steinn fékkst við ritstörf með kennslunni og birti fjölmargar greinar og ritgerðir og pistla um jarðfræði og önnur mál.

Steinn flutti til Reykjavíkur árið 1974, og lést þar þann 3. desember 1975.


Aðferðir

Safnið er skráð í Microsoft Access gagnagrunn. Gagnagrunnurinn er settur upp í samræmi við það sem tíðkast hjá öðrum söfnum, þannig að svipaðar upplýsingar komi þar fram og hægt að færa upplýsingar á milli gagnagrunna með einföldu móti. Við skráninguna var gagnagrunnur Náttúrufræðistofnunar Íslands hafður til hliðsjónar.

Þegar ílát með sýnum er opnað, þarf að gæta þess að allar þær upplýsingar sem fylgja með fari ekki forgörðum, oft er um að ræða nokkur orð sem hripuð eru á bréfsnifsi eða umbúðir. Umbúnaðurinn er margvíslegur, t.d. tóbakskrukkur, glerkrukkur ýmiskonar, pappabox af ýmsum stærðum, blikkkassar, plast- og bréfpokar. Eitt sýni var t.d. vafið inn í kjörseðil frá sýslunefndarkosningum í Norður-Ísafjarðarsýslu árið 1942.

Hvert sýni fær sérstakt númer og allar tiltækar upplýsingar um sýnið skráðar á viðkomandi eyðublað (mynd 3).

Hverjum hlut er lýst með nokkrum orðum, færðar inn athugasemdir Steins Emilssonar, skráður fundarstaður og fundartími, nafn finnanda, lýst umbúnaði sýnanna, og gerðar athugasemdir ef það þykir geta létt störf við frekari úrvinnslu gagna.



The screenshot shows a web-based database interface titled "Se3sam". It displays a record for a specimen with the following fields:

Aðf.nr.SE	60	Skr-dagur	26.9.2007
Hlutur	Rauðleit ávöl steinvala	Safnandi	Þórarinn Helgason
Einkenni		Gefandi	
Athugas. St.Emilss.	Fjörusteinn frá Æðey 14/6-1969 Þórarinn Helgason h. fróði gaf mér StE	Saga	
Flokkur		Skýringar	
Gerð		Sýning	
Tegund		Svæði	Ísafjarðardjúp
		Sýsla	N-Ísafjarðarsýsla
		Land	Ísland
		Athugas. GuSig	Pakkað í sykurlpoka frá Tate; merktur Æðey

At the bottom, there is a navigation bar showing "Record: 60 of 845".

Mynd 3.Sýnishorn af skráningareyðublaði.

Sýnið er svo sett í plastpoka. Ef einhverjar upplýsingar fylgja með frá Steini, þá fara þær með í viðkomandi poka, einnig eru upprunalegar umbúðir látnar fylgja með, sér í lagi ef eitthvað er á þeim að græða, t.d. ef eitthvað er ritað á umbúðirnar, sýnið vafið í rifrildi úr dagblaði frá tilteknu ári, eða pakkað í mjólkurpoka frá áttunda áratugnum (mynd 4).

Reynt er að geyma sýnin áfram í upprunalegum umbúðum ef þess er kostur.



Mynd 4. Dæmi um frágang sýna. Þeim er pakkað í lokaða plastpoka ásamt miðum með upplýsingum Steins Emilssonar, hvert sýni fær sitt númer og síðan er öllu komið fyrir í upprunalegu boxi ef hægt er.

Niðurstöður

Í safni Steins eru margvísleg sýni, steindir, bergsýni og jarðvegsýni safnað víða um landið. Einnig er í safninu mikið af erlendum sýnishornum.

Mörg sýnanna eru ágætlega merkt, þ.e. fundarstaður, hvenær hluturinn fannst, og einnig hefur Steinn Emilsson greint mörg sýnin. Að vísu er oft erfitt að ráða fram úr þeim upplýsingum, skriftin máð og oft verið hripað niður á misgóðan pappír við mismunandi aðstæður, en smám saman hefur lærst að lesa í rithöndina og ráða í þær upplýsingar sem þar er að finna.

Fjöldi erlendra sýna er í safninu, bæði jarðvegs- og steinasýni sem Steinn safnaði á námsárum sínum erlendis, svo og sýni sem hann hefur fengið send héðan og þaðan úr veröldinni. Athugasemdir og merkingar Steins eru þar á ýmsum tungumálum, aðallega þýsku, en sýnin eru velflest ágætlega merkt og því auðfærð í gagnagrunninn.

Mörgum sýnanna fylgja aðeins tilvísanir í dagbækur Steins, svo sem: Skag XXVI Journal '26, eða: 5 Ó A-F Journal 1953 (sjá mynd 1).

Fjöldi sýna er lítt merktur, t.d. kom fjöldi mismunandi sýna úr kassa sem aðeins stóð á : Traðarhyrna '69. Síðan eru sýni sem eru ómerkt með öllu og hafa lítið gildi.

Vitað er um dagbækur frá árunum 1920, '21, '24, '26-'29, einnig mun Steinn hafa ritað dagbækur/ferðabækur árin 1966 og 1971.

Nokkrar dagbækur eru nú þegar í vörslu safnsins, og er verið að safna saman þeim dagbókum, sem talið er að séu ennþá til og mun Náttúrugripasafnið brátt fá þær til varðveislu, einhverjar hafa hugsanlega glatast.

Í gagnagrunninum eru nú 860 sýni skráð og frágengin.

Umræður

Eins og fram hefur komið hefur hingað til verið unnið að grunnskráningu sýna til að tryggja að upplýsingar aðskiljist ekki sýnunum. Vitað er að nánari upplýsingar um sýnin og sýnatöku er að finna í dagbókunum og verða upplýsingar úr þeim færðar inn í gagnagrunninn þar sem við á.

Til dæmis má taka að í dagbók/ferðabók Steins frá árinu 1971 greinir hann frá því að hann sé að ganga frá stein- og bergsýnum í glerkrukkur, og tiltekur hvorrar tegundar krukkurnar eru og gefur þeim númer. Í dagbókinni tiltekur hann rúml. 300 krukkur, flestar með greindum sýnum. Höfundar hafa ekki ennþá rekist á krukkur með innihaldi sem samsvara lýsingu Steins í bókinni, en þónokkrir kassar eru enn ókannaðir. Einnig getur verið að eitthvað hafi ruglast við þökkun sýnanna, en úr því fæst ekki skorið nema með frekari rannsóknum, bæði á dagbókum og á sýnunum sjálfum. Fleiri athygliverðar færslur eru í þeim dagbókum sem tiltækar eru, og munu frekari rannsóknir á þeim væntanlega auðvelda vinnu við skráningu steinasafnsins.

Ekki má gleyma því að jarðfræðin þróast hratt og eru því margar greiningar og skýringar Steins úreltar og nauðsynlegt að jarðfræðingur fari í gegnum safnið, en það verður ekki gert fyrr en

grunnskráningu er lokið. Þau sýni sem eru í sýningarsal safnsins voru yfirfarin af Sveini Jakobssyni jarðfræðingi á Náttúrufræðistofnun Íslands.

Þó að skráningu og frágangi steinasafnsins sé ekki lokið, mun sú vinna sem er að baki gera mögulegt að nota sýnin við uppsetningu sýninga, bæði almennra og sérstakra temasýninga. Ennfremur opnar skráningin safnið til rannsókna.

Næstu skref eru að ljúka grunnskráningunni og kanna upplýsingar í dagbókunum. Að því loknu þarf jarðfræðingur að yfirfara safnið. Þá sést endanlega hvaða gripi safnið hefur að geyma og hvers virði það er jarðfræðilega.

Burt séð frá gildi safnsins fyrir nútíma jarðfræði mun það verða mikilvægt fyrir rannsóknir á sögu íslenskrar jarðfræði.

Þakkir

Edda Kristmundsdóttir, bókavörður á Ísafirði, barnabarn Steins Emilssonar, hefur gefið ýmsar upplýsingar, og veitt aðstoð við leit að dagbókum Steins, og verið tengiliður NV við börn Steins Emilssonar. Dr. Sveinn Jakobsson jarðfræðingur yfirfór hluta safnsins fyrir sýningu og ráðlagði um skráningu og frekari vinnu. Dr. Kristján Jónasson jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands veitti okkur upplýsingar um uppsetningu gagnagrunns Náttúrufræðistofnunar Íslands. Dr. Leó Kristjánsson, jarðeðlisfræðingur hjá Jarðvísindastofnun HÍ veitti margvíslegar upplýsingar um silfurberg, Helgustaðanámuna, Stein Emilsson og margt fleira. Dr. Þorsteinn Sæmundsson, jarðfræðingur, Náttúrustofu Norðurlands Vestra, hefur veitt ýmsa ráðgjöf. Síðast en ekki síst er börnum Steins Emilssonar færðar þakkir.

Heimildir

- Leifur A. Símonarson. 1976. Steinn Emilsson, - jarðfræðingur - minningarorð. Náttúrufræðingurinn 46. árg. bls. 113-117.
- Helga Svana Ólafsdóttir. 1999. Steinn Emilsson jarðfræðingur. Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 39. árg. bls. 150-155.